



Alþingi

Erindi nr. þ 128, 1287

komudagur 24.2.2003

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari

24. febrúar 2003

Á fundi sjávarútvegsnefndar þann 11. febrúar s.l. mættu fulltrúar Fiskistofu og kom þá m.a. til umræðu svokallaður "Hafró-aflí" (bráðabirgðaatkvæði nr. XXIX við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum). Sjávarútvegsnefnd óskaði eftir því að Fiskistofa tæki saman skýrslu um þennan afla og hvernig hann hefði þróast á fiskveiðiárinu 2001/2002 en heimildin til að skrá afla með þessum hætti tók gildi 1. febrúar 2002.

Meðfylgjandi eru fjórar töflur sem veita ýmsar upplýsingar um "Hafró-afla" (hér eftir: *H-aflí*) á tímabilinu 1. febrúar til 31. ágúst 2002.

Tafla 1 sýnir skráningu H-afla, skipt eftir fisktegundum og mánuðum. Í henni má sjá að heildaraflí sem ekki reiknaðist til kvóta vegna slíkrar skráningar nam 662.589 kg af botnfiskafla miðað við slægðan fisk, þar af voru 476.536 kg af þorski. Um 70% af H-aflaskráningum fóru fram í mánuðunum mars, apríl og maí. Fram kemur að aflí sem nemur samtals 21.166 kg og var skráður sem H-aflí, var kvótasettur og dregin frá aflamarki einstakra skipa á tímabilinu vegna þess að viðkomandi skip fóru fram úr hámarksheimild til skráningar H-afla, sem er 5% af botnfiskafla. Langstærstur hluti þessa var þorskur, eða sem nemur 19.951 kg.

Tafla 1	Slægður Hafróafli tímabilið 1. febrúar til 31. ágúst 2002								
	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Kvótasett	Samtals
Þorskur	12.685	149.658	96.549	93.213	74.560	38.341	31.481	-19.951	476.536
Ýsa	403	5.113	14.792	34.008	3.474	15.109	13.228	-95	86.032
Ufsi	1.890	3.067	3.338	8.611	4.803	2.370	827	-818	24.088
Karfi	62	8.545	5.748	13.710	7.180	714	2.849	-82	38.726
Langa	39	458	494	436	80	105	36		1.648
Keila	29	82	16	32	82	14	22	-16	261
Steinbítur	99	137	320	678	185	613	119	-130	2.021
Skötuselur	8	24	161	935	20	19	0	-24	1.143
Skarkoli	205	1.215	6.018	9.230	3.251	2.075	1.311	-50	23.255
Sólkoli		1		8	429		0		438
Langlúra		328	351	533	1.163	525	39		2.939
Sandkólí	0	797		55	214		0		1.066
Skrápflúra	728		2.676	319	582	16	115		4.436
Samtals	16.148	169.425	130.463	161.768	96.023	59.901	50.027	-21.166	662.589

Tafla 2 sýnir flotadreifingu H-aflaskráninga m.t.t. að hve miklu marki heimildin var nýtt en skipum er skipt í togara, aflamarksskip lengri og styttri en 15 m og síðan krókaafلامarksbáta. Úr þessari töflu má m.a. lesa að 249 skip hafa nýtt sér heimildina til að skrá H-afla á umræddu tímabili, þar af eru 209 aflamarksskip og 40 bátar í krókaafلامarki. Sjá má að það eru aflamarksskip önnur en togarar (204) sem mest virðast nýta heimildina. Flest þeirra skipa sem við sögu koma (196) nýttu heimildina að litlu leyti eða á bilinu 0 - 3,5% af botnfiskafla. Fram kemur að 20 skip og bátar fóru fram yfir 5% hámarksheimild sína í H-aflaskráningum og voru því kvótasett um það sem umfram var, en þess má geta að 18 af þessum skipum höfðu þegar aflað umfram heimildir.

Tafla 2	Aflamarksskip			Króka- bátar	Samtals
	Togarar	> 15 m	< 15 m		
> 5,0 %	0	9	10	1	20
4,5 til 5,0 %	0	1	5	1	7
4,0 til 4,5 %	0	6	10	1	17
3,5 til 4,0 %	0	5	4	0	9
3,0 til 3,5 %	0	11	7	0	18
2,5 til 3,0 %	0	5	9	0	14
2,0 til 2,5 %	0	11	6	1	18
1,5 til 2,0 %	0	12	8	3	23
1,0 til 1,5 %	1	4	4	2	11
0,5 til 1,0 %	2	14	12	6	34
< 0,5 %	2	37	14	25	78
Samtals	5	115	89	40	249

Tafla 3 sýnir dreifingu H-aflaskráningar á löndunarhafnir og mánuði á umræddu tímabili.


Tafla 3	Slæður Hafróaflí tímabilið 1. febrúar til 31. ágúst 2002								
	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Kvótasett	Samtals
Vestmannaeyjar	515	29.228	3.192	3.542	5.827	9.816	3		52.123
Þorlákshöfn	127	1.667	12.896	3.266	3.656	753	1.624		23.989
Grindavík	4.093	13.183	21.301	27.814	6.681	595	1.090		74.757
Sandgerði	2.005	18.619	19.842	37.660	5.670	17.504	18.253		119.553
Keflavík	1.058	6.447	6.894	8.962	6.359	6.336	3.496		39.552
Hafnarfjörður	728	3.184	5.553	3.469	802	224	822		14.782
Kópavogur				191			170		361
Reykjavík	343	5.530	7.925	3.682	2.082	883	3.066		23.511
Akranes		4.410	4.461	1.770	10.992	735	321		22.689
Arnarstapi		4.852	2.755	874	405	62			8.948
Rif		15.658	5.786	905					22.349
Ólafsvík	2.506	33.745	9.524	9.051	17.653	5.833	2.304		80.616
Grundarfjörður	2.757	11.598	7.496	1.119					22.970
Stykkishólmur	0		895	1.992					2.887
Patreksfjörður	1.615	5.777	10.100	27.517	10.265	6.729	4.477		66.480
Tálknafjörður			420						420
Bíldudalur				3.483	4.234	1.080	2.286		11.083
Flateyri				728	364	82	234		1.408
Bolungarvík	189	284			3.474	3.100	1.101		8.148
Ísafjörður						85			85
Skagaströnd						488	5.114		5.602
Sauðárkrókur				433		827			1.260
Hofsós				731	970	49	306		2.056
Ólafsfjörður			1.751	2.933	200				4.884
Dalvík		759	2.561	1.659			118		5.097
Árskógssandur			93	800	4.606				5.499
Akureyri						567	44		611
Húsavík		795	1.821	1.677	2.402	926	746		8.367
Kópasker		2.893	776						3.669
Þórshöfn				1.349					1.349
Bakkafjörður			235	485					720
Seyðisfjörður		7.608	3.471	12.714	6.632	438	2.269		33.132
Eskifjörður				351	567	819			1.737
Fáskrúðsfjörður					78	90	0		168
Stöðvarfjörður				1.229	462	432	555		2.678
Hornafjörður	212	3.181	715	2.125	1.642	927	1.628		10.430
Leiðréttingar		7		-743		521		-21.166	-21.381
Samtals	16.148	169.425	130.463	161.768	96.023	59.901	50.027	-21.166	662.589


Tafla 4 sýnir uppgjör fiskmarkaðanna við Hafrannsóknastofnunina vegna þess H-afla sem markaðirnir tóku við á fiskveiðiarinu 2001/2002.

Tafla 4	Verðmæti H-afla á fiskveiðiarinu 2001/2002
Febrúar	2.333.955
Mars	22.970.064
Apríl	18.486.898
Maí	20.104.438
Júní	13.161.605
Júlí	8.700.398
Ágúst	7.008.521
Samtals kr:	92.765.879

Að frádregnum kostnaði vegna löndunar- og uppboða hefur Hafrannsóknastofnunin fengið tæplega 74% af verðmætum H-aflans í sinn hlut vegna sölu hans á uppboðsmörkuðum á fiskveiðiarinu 2001/2002.

F.h. Fiskistofu,


Auðunn Ágústsson
Forstöðumaður Veiðiheimildasviðs


Höskuldur Steinarsson
Forstöðumaður Upplýsingasviðs

Alþingi
Erindi nr. P 128/1265
komudagur 24. 2. 2003

Til nefndarsviðs Alþingis,
b.t. Sjávarútvegsnefndar.

Varðar 602 mál.

Samtök fiskvinnslustöðva eru sammála því sem fram kemur í frumvarpinu, að gildistími ákvæðisins um að hverju fiskiskipi væri heimilt að koma með að landi allt að 5% af heildarafla í botnfiski sem ekki reiknaðist til aflamarks skipsins, verði framlengdur um tvö fiskveiðiár.

F.h. Samtaka fiskvinnslustöva,

Ágúst H Elíasson
Samtök fiskvinnslustöðva
s. 591 0352, gsm 820 8554